

Aðsetur

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi

ÚtgefandiLæknafélag Íslands
Læknafélag Reykjavíkur**Símar**

564 4104 – 564 4106 (fax)

RitstjórnJóhannes Björnsson,
ábm. og ritstjóri
Bryndís Benediktsdóttir
Engilbert Sigurðsson
Gunnar Guðmundsson
Margrét Árnadóttir
Tómas Guðbjartsson
Þóra Steingrimsdóttir**Ritstjórnarfulltrúi**Védís Skarphéðinsdóttir
vedis@lis.is**Auglýsingastjóri og ritari**Brynja Bjarkadóttir
brynja@lis.is**Blaðamaður/Ljósmyndari**Hávar Sigurjónsson
havar@lis.is**Umbrot**Sævar Guðbjörnsson
saevar@lis.is**Upplag**

1700

Áskrift6.840,- m. vsk.
Lausasala
700,- m. vsk.**© Læknablaðið**

Læknablaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á rafrænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild án leyfis.

Prentun, bókbandog pökkun
Gutenberg ehf.
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

ISSN: 0023-7213



Læknafélag Íslands 90 ára

„Til hamingju lækna,“ sagði Birna Jónsdóttir formaður Læknafélags Íslands er hún setti Læknadaga 2008 í Háskólabíói 21. janúar. Læknadagarnir fóru fram með miklum sóma dagana 21.-25. janúar og voru málþing og fyrirlestrar mjög vel sóttir og gerður góður rómur að. Læknafélagið var stofnað 14. janúar 1918 og verður afmælisins minnst sérstaklega í tengslum við aðalfund félagsins í haust. Birna rifjaði upp dagskrá fyrsta stjórnarfundar Læknafélagsins og minntist forkólfa félagsins á liðnum áratugum. Á myndinni má sjá í baksýn hluta myndar er tekin var á 50 ára afmæli félagsins sem haldið var í Domus Medica að viðstöddum Kristjáni Eldjárn, þá nýkjörnum forseta Íslands.

LISTAMAÐUR MÁNAÐARINS

Ívar Valgarðsson (f. 1954) setur í verkum sínum fram hugleiðingar um skynjun. Litur er til dæmis fyrirbæri sem umlykur alla, fólk skynjar á ólíkan hátt en reynir samt að staðsetja innan staðlaðra kerfa. Ívar hefur löngum unnið með iðnaðarmálningu sem framléidd er í mismunandi litum til nota innanhúss og kynnt er á dæmigerðum litaspjöldum. Litum eru þar fengin ljóðræn og söluvænleg nöfn eins og „hrímhvítt“, „sólguilt“ eða „fagurblátt“ og þannig er settur staðall á fyrirbæri sem er eins persónubundið og hugsast getur.



Í verki sem er um þessar mundir til sýnis í ið galleríi og heitir „Stilla“ er opin málningarfata með bláum lit á miðju gólfi, eins og nýkomin úr búðinni og tilbúin til notkunar. Fyrir ofan hana er öryggismyndavél sem beint er að ósnortnu yfirborði litarins og tengd nærliggjandi skjávarpa. Í „beinni útsendingu“ er litnum varpað þannig að blár flötur myndast á hvítum gall-eríveggnum, eins og vatn í stillu. Hann sýnir ekki aðeins bláa litinn, heldur einnig endurkast ljósanna í blautri málningunni auk ryks og annars tilfallandi sem sest hefur á yfirborðið í fótunni. Verkið er þannig leikur að hugmyndinni um hefðbundið málverk sem hangir á vegg og eins fyrirbærinu vegg-málningu sem í stað þess að vera málað á vegginn

er varpað gegn um vídeó. Ívar leikur sér á sömu nótum með bláa litinn í verkinu „Gárur“ (2008) sem prýðir forsiðu *Læknablaðsins* að þessu sinni. Er ekki greinilegt af hverju myndin er, fljótt á litið? Ívar beinir ljósmyndavélinni að yfirborði þar sem hann er nýbúinn að rúlla einni umferð af sama bláa litnum og í fótunni í verkinu sem var lýst hér að ofan. Málningin er glansandi blaut og yrjótt eftir rúlluna. Með perspektífi þvert á flötinn næst fram blekking sem illmögulegt er að ímynda sér að sé nokkuð annað en gárótt yfirborð vatns eða hafs. Ljósmyndin er í raun tekin af yfirborði málverks sem Ívar var að vinna að, en mál-

verkin hans eru heldur óvenjuleg. Hann rúllar einu lagi eftir annað af innanhússmálningu á viðarbrú þannig að þykkur hjúpur myndast. Með því að skiptast á litum má í köntum verksins sjá lagskiptinguna eftir tugi umferða eins og jarðfræðilegan þverskurð.

Með réttu mætti segja að Ívar iðki „estetik“ í bókstaflegri merkingu þess orðs. Í orðabókum útleggst það sem „fagurfræði“ en upprunans er að leita í gríska orðinu „aisthesin“ sem merkir skynjun en ekki fegurð og þannig væri í þessu samhengi frekar hægt nota orðið „skynjunarfræði“.

Markús Þór Andrésson